

SAMÞYKKT
um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar

I. KAFLI

Um skipan bæjarstjórnar, sjálfstjórn hennar og verkefni sveitarfélags

1. gr.

Skipan bæjarstjórnar

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar er skipuð 9 bæjarfulltrúum, sem kjörnir eru lýðræðislegri kosningu af íbúum Ísafjarðarbæjar samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna.

2. gr.

Sjálfstætt stjórnvald

Ísafjarðarbær er sjálfstætt stjórnvald, sem er stjórnað af lýðræðislega kjörinni bæjarstjórn í umboði íbúa sveitarfélagsins.

3. gr.

Verkefni Ísafjarðarbæjar

Ísafjarðarbær annast þau lögmæltu verkefni sem honum er falið í lögum, sbr. og leiðbeinandi auglýsingu frá ráðuneytinu.

Ísafjarðarbær vinnur að sameiginlegum velferðarmálum íbúanna eftir því sem fært þykir á hverjum tíma.

Ísafjarðarbær er heimilt að taka að sér hvert það verkefni sem varðar íbúa þess, enda sé það ekki falið öðrum að lögum.

II KAFLI

Um bæjarstjórn

4. gr.

Hlutverk bæjarstjórnar

Bæjarstjórn fer með stjórn Ísafjarðarbæjar samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sbr. síðari breytingar, annarra laga og samþykkt þessari. Jafnframt fer bæjarstjórn með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

Bæjarstjórn hefur ákvörðunarvald um nýtingu tekjustofna, lántökur og ráðstöfun eigna og um framkvæmd verkefna sveitarfélagsins.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar gætir hagsmuna sveitarfélagsins og er í fyrirsvári fyrir það.

5. gr.

Helstu verkefni bæjarstjórnar

Meðal verkefna bæjarstjórnar er:

1. Að sjá um að lögbundnar skyldur séu ræktar og hafa eftirlit með því að fylgt sé viðeigandi reglum í störfum sveitarfélagsins.
2. Að kjósa forseta og varaforseta bæjarstjórnar, sbr. 13. gr. sveitarstjórnarlaga, bæjarráð og aðrar nefndir, ráð og stjórnir skv. V. kafla sveitarstjórnarlaga, að ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki sem annast skal endurskoðun hjá sveitarfélaginu, sbr. VII. kafla sveitarstjórnarlaga.
1. Að setja bæjarstjórn siðareglur, sbr. 29. gr. sveitarstjórnarlaga.
2. Að ákveða stjórnskipan sveitarfélagsins, ráða bæjarstjóra, sbr. 54. gr. sveitarstjórnarlaga og aðra starfsmenn í æðstu stjórnunarstöður sveitarfélagsins, sbr. 56. gr. laganna og 50. gr. samþykktar þessarar.
3. Að móta stefnu fyrir starfsemi sveitarfélagsins, deilda og stofnana, setja starfsemi sveitarfélagsins reglur, setja samþykktir og gjaldskrár, eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
4. Að fara með fjárstjórnarvald sveitarfélagsins, sbr. 58. gr. sveitarstjórnarlaga og gera fjárhagsáætlanir, sbr. 62. gr. sömu laga.
5. Að bera ábyrgð á fjármálum sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja, sbr. 77. gr. sveitarstjórnarlaga og VIII. kafla samþykktar þessarar og taka ákvarðanir um verulegar skuldbindingar sveitarfélagsins til lengri tíma.
6. Að hafa eftirlit með framkvæmd samstarfsverkefna og þjónustusamninga, sbr. IX. kafla sveitarstjórnarlaga.
7. Að veita íbúum sveitarfélagsins og þeim sem njóta þjónustu þess upplýsingar um málefni sem snerta hagi þeirra og um samstarf sem sveitarfélagið hefur við önnur sveitarfélög, sbr. 103. gr. sveitarstjórnarlaga.

6. gr.

Ný bæjarstjórn tekur til starfa

Nýkjörin bæjarstjórn tekur við störfum 15 dögum eftir kjördag. Jafnlengi heldur fráfarandi bæjarstjórn umboði sínu, með þeim takmörkunum sem leiðir af lögum um kosningar til sveitarstjórna. Nýkjörin bæjarstjórn hefur einungis umboð til töku ákvarðana um málefni bæjarstjórnarinnar eða sveitarfélagsins eftir að hún tekur við störfum.

Sá fulltrúi í nýkjörinni bæjarstjórn sem á að baki lengsta setu í bæjarstjórn boðar til fyrsta fundar ekki síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum eftir kosningar. Hann stýrir fundi þar til forseti hefur verið kjörinn. Hafi tveir eða fleiri fulltrúar setið jafnlengi í bæjarstjórn fer aldursforseti þeirra með verkefni samkvæmt þessari málsgrein.

Fyrsta fund skal boða með a.m.k. fjögurra daga fyrirvara.

7. gr.

Kosning forseta og varaforseta bæjarstjórnar

Sá bæjarfulltrúi sem boðar til fyrsta fundar skv. 6. gr. samþykktar þessarar, setur fyrsta fund nýkjörinnar bæjarstjórnar og stýrir honum uns forseti bæjarstjórnar hefur verið kjörinn.

Forseti bæjarstjórnar skal kjörinn til eins árs. Ef forseti nýtur ekki lengur stuðnings meirihluta þeirra sem eiga sæti í bæjarstjórn, skal hann víkja sæti og forsetakjör fara fram á ný.

Sá er rétt kjörinn forseti sem fengið hefur atkvæði meirihluta bæjarfulltrúa. Verði þeim atkvæðafjöldi eigi náð skal kjósa að nýju um þá tvo sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri bæjarfulltrúar fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn forseti bæjarstjórnar sem fleiri atkvæði fær þó að hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti kosningu.

Forseti bæjarstjórnar stjórnar kjöri 1. og 2. varaforseta bæjarstjórnar og skal sömu aðferð beitt við kosningu þeirra, sbr. næstu málsgrein hér að framan. Varaforsetar skulu kjörnir til jafnlangs tíma og forseti.

Tilkynna skal kjör forseta og varaforseta til innanríkisráðuneytis þegar að kjöri loknu.

Sé enginn forseti á fundi gegnir aldursforseti forsetastörfum nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef forseti deyr, verður varanlega forfallaður frá forsetastörfum eða nýtur ekki lengur trausts bæjarstjórnar sem forseti bæjarstjórnar áður en kjörtími hans er á enda skal kjósa forseta í hans stað það sem eftir er kjörtímabilsins.

III. KAFLI

Fundir bæjarstjórnar og fundarsköp

8. gr.

Fundir bæjarstjórnar

Bæjarstjórn heldur reglulega fundi 1. og 3. fimmtudag hvers mánaðar sem ekki ber upp á almennan frídag. Bæjarstjórnarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 17.00 og skulu ekki standa lengur en þrjár klukkustundir.

Aukafundi skal halda í bæjarstjórn eftir því sem þörf krefur að mati bæjarstjóra og forseta bæjarstjórnar og skylt er að halda aukafund í bæjarstjórn ef a.m.k. þriðjungur bæjarfulltrúa krefst þess, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni.

Bæjarstjórn er heimilt að fella niður reglulegan fund sinn, enda sé tillaga um slíkt samþykkt mótatkvæðalaust á næsta fundi bæjarstjórnar á undan.

Bæjarstjórn er heimilt að fella niður fundi í bæjarstjórn í allt að tvo mánuði að sumarlagi. Meðan á sumarleyfi bæjarstjórnar stendur fer bæjarráð með sömu heimildir og bæjarstjórn hefur ella.

Bæjarstjórn getur heimilað einstaklingi utan bæjarstjórnar að taka til máls á bæjarstjórnarfundum.

9. gr.

Boðun bæjarstjórnarfundar

Bæjarstjóri, sbr. þó 6. gr. samþykktar þessarar, boðar bæjarstjórnarfundir og ákveður jafnframt fundarstað hafi bæjarstjórn ekki gert það. Við ákvörðun fundarstaðar skal gætt að aðgengi fyrir alla.

Bæjarstjóri skal í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir bæjarstjórnarfund hafa sent bæjarfulltrúum og varamönnum þeirra fundarboð bæjarstjórnarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum.

Aukafund skal boða ekki síðar en tveimur virkum dögum eftir að ósk þar um barst þeim er boða skal fund. Fundarboð vegna aukafundar skal berast bæjarfulltrúum svo fljótt sem auðið er og ekki síðar en sólarhring fyrir fund. Fundarboði skal fylgja dagskrá fundar og þau gögn sem eru nauðsynleg til að bæjarfulltrúar geti tekið upplýsta afstöðu til mála sem þar eru tilgreind.

Sé mál sérstaklega aðkallandi er heimilt að boða aukafund með styttri fyrirvara, enda samþykki allir fundarmenn boðið.

10. gr.

Dagskrá bæjarstjórnarfundar

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfundar í samráði við forseta og skal dagskráin fylgja fundarboði, þar sem tilgreindur er fundarstaður og fundartími.

Á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar s.s. kosningar forseta bæjarstjórnar, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarstjórnar svo og ráðningu bæjarstjóra.
2. Fundargerðir bæjarráðs, nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins.
3. Ályktanir og tillögur sem fram koma í fundargerðum, sbr. 2. tl. hér að framan og þarfnast staðfestingar bæjarstjórnar, skal tilgreina sérstaklega í dagskrá.
4. Önnur mál sem falla undir verksvið bæjarstjórnar og bæjarstjóri og/eða forseti bæjarstjórnar ákveður að taka á dagskrá, eða einhver bæjarfulltrúi óskar að tekin verði á dagskrá, sbr. 3. mgr. 10. gr.

Bæjarfulltrúi sem óskar að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal tilkynna það bæjarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn í síðasta lagi kl. 12:00 þann dag sem boðað er til fundar, sbr. 10. gr. Þó er hægt að víkja frá þessu sbr. 2. mgr. 20. gr. samþykktar þessarar.

Dagskrá bæjarstjórnarfundar skal fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna sem bæjarstjóri telur nauðsynleg til að bæjarfulltrúar geti undirbúið sig fyrir fundinn.

11. gr.

Tilkynning til íbúa um fundir bæjarstjórnar

Bæjarbúum skal kunngert með auglýsingu hvar og hvenær bæjarstjórnarfundir eru haldnir.

Miðað skal við að sem flestir íbúar Ísafjarðarbæjar hafi greiðan aðgang að auglýsingu um bæjarstjórnarfundir. Þegar dagskrá bæjarstjórnarfundar hefur verið samin og send bæjarfulltrúum skal hún vera aðgengileg íbúum sveitarfélagsins á heimasíðu Ísafjarðarbæjar.

12. gr.

Opinn eða lokaður fundur

Bæjarstjórn getur ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis málsins, svo sem viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál sem æskilegt er vegna hagsmuna sveitarfélagsins að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur bæjarstjórn ákveðið að bæjarstjórnarfundur þar sem eingöngu er fjallað um slík mál verði haldinn fyrir luktum dyrum. Bæjarstjórn eða forseti geta ákveðið að tillaga um lokun fundar sé rædd fyrir luktum dyrum.

Það sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í bæjarstjórn er trúnaðarmál.

13. gr.

Ályktunarhæfi og atkvæðagreiðsla

Bæjarstjórn getur enga ályktun gert nema meira en helmingur bæjarfulltrúa sé viðstaddur á fundi.

Á bæjarstjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjáseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu. Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og á móti fellur það, en við kosningar ræður hlutkesti.

14. gr.

Fjarfundabúnaður

Bæjarstjórn getur ákveðið að heimilt sé að nota fjarfundabúnað á fundum, ef veður eða færð hamla venjubundnu fundahaldi.

Fund í gegnum fjarfundabúnað skal þó aðeins halda ef brýna nauðsyn ber til og ekki er hægt að fresta afgreiðslu þeirra mála sem á dagskrá fundarins eru, að mati forseta bæjarstjórnar og bæjarstjóra. Sé fjarfundur haldinn skal fundargerð lesinn upp í lok fundar í áheyrn allra og undirrituð af viðkomandi fundarmönnum á næsta venjubundna fundi eða á bæjarskrifstofu, í samráði við bæjarstjóra.

Leitast skal við að jafnræðis sé gætt, þannig að sé boðað til fundar með notkun fjarfundabúnaðar, að allir bæjarfulltrúar notist við fjarfundabúnað á fundinum. Allir fundarmenn skulu vera sýnilegir á fundinum. Bæjarfulltrúi í fjarfundabúnaði skal vera með innlegg og taka þátt í fundi með sama hætti og á venjubundnum fundi. Tryggja skal almenningi aðgang að fjarfundi eftir því sem kostur er.

Að öðru leyti vísast til 3. mgr. 17. gr. sveitarstjórnarlaga og auglýsingar ráðherra sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga um framkvæmd fjarfunda.

15. gr.

Tvær umræður í bæjarstjórn

Bæjarstjórn afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Ársreikninga sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja.

2. Samþykktir og aðrar reglur sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
3. Áætlanir fyrir sveitarfélagið sem gilda eiga til lengri tíma, svo sem þriggja ára áætlanir og skipulags- og framkvæmdaáætlanir.
4. Tilkynningu til eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga, skv. 75. gr. sveitarstjórnarlaga.
5. Stefnumarkandi áætlanir sem gilda eiga til lengri tíma og taka til sveitarfélagsins í heild eða meirihluta þess.
6. Tillögu um sameiningu við annað sveitarfélag, skv. 2. mgr. 120. gr. sveitarstjórnarlaga.

Þá skal bæjarstjórn hafa tvær umræður, með a.m.k. tveggja vikna millibili, um fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins, skv. 62. gr. sveitarstjórnarlaga. Ákvæði þetta gildir þó ekki um samþykkt viðauka við fjárhagsáætlanir.

16. gr.

Fundarsköp og ritun fundargerða

Við ritun funda skal fylgt leiðbeiningum um ritun fundargerða sveitarstjórna sem ráðuneyti setur sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga. Fundir bæjarstjórnar eru hljóðritaðir nema bæjarstjórn ákveði annað.

Meginreglur fundarskapa skulu vera eftirfarandi:

- a. **Fundarstjórn.** Forseti bæjarstjórnar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála, og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Jafnframt sér hann um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók bæjarstjórnar og að allar ályktanir og samþykktir séu rétt og nákvæmlega bókaðar.

Forseti úrskurðar um skilning á fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarstjórnar, sem úrskurðar án umræðna. Forseti sér um að allt fari skipulega og löglega fram á bæjarstjórnarfundum og er bæjarfulltrúum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfriði getur forseti vísað honum úr fundarsal. Leyfi forseta þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á bæjarstjórnarfundum. Forseti skal tilkynna bæjarstjórn um ákvörðun sína.

- b. **Vald forseta.** Skylt er bæjarfulltrúa að lúta valdi forseta í hvívetna varðandi það að gætt sé góðrar reglu. Beri bæjarfulltrúi aðra menn brigslum skal forseti víta hann. Forseti getur lagt til við bæjarstjórn að bæjarfulltrúi sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist bæjarfulltrúi ekki úrskurði forseta eða bæjarstjórnar eða ef óregla kemur upp á fundi skal forseti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi ef nauðsyn krefur.

Ef áheyrandi á bæjarstjórnarfundum raskar fundarfriði getur forseti vísað honum úr fundarsal.

Leyfi forseta þarf til að taka myndir í fundarsal bæjarstjórnar.

- c. **Afgreiðsla mála.** Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í bæjarstjórn í þeirri röð sem þau eru á dagskrá, nema forseti eða bæjarstjórn ákveði annað.

Forseti getur ákveðið að tiltekið mál í fundargerð, sem á dagskrá er, verði gert að sérstökum dagskrárlið á fundinum.

Heimilt er að taka til meðferðar á bæjarstjórnarfundum mál sem ekki hefur verið sett á dagskrá ef 2/3 viðstaddra bæjarfulltrúa samþykkja slíkt afbrigði.

- d. **Málfrelsi bæjarstjóra.** Bæjarstjóri skal sitja fundi bæjarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt en ekki hefur hann atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn bæjarfulltrúi.
- e. **Málfrelsi.** Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á bæjarstjórnarfundum. Bæjarfulltrúi sem taka vill til máls skal óska heimildar forseta. Að jafnaði skulu bæjarfulltrúar taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu ef um er að ræða bæjarstjóra, framsögumann í máli eða bæjarfulltrúa sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri bæjarfulltrúar kvatt sér hljóðs samtímis ákveður forseti í hvaða röð þeir skuli tala. Bæjarfulltrúi skal flytja mál sitt úr ræðustól nema forseti leyfi annað.
- f. **Ávarp ræðumanns.** Bæjarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta. Þegar til umræðu er fundargerð bæjarráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar skal bæjarfulltrúi taka fram hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Bæjarfulltrúi skal fá leyfi forseta til að lesa upp prentað mál á bæjarstjórnarfundum. Bæjarfulltrúi skal flytja mál sitt úr ræðustól nema forseti heimili annað.

- g. **Hve oft má tala.** Framsögumaður má tala þrisvar við hverja umræðu máls en aðrir bæjarfulltrúar tvisvar. Bæjarfulltrúa er þó heimilt að taka oftari til máls til að gera stutta athugasemd eða bera af sér ámæli. Forseti getur heimilað bæjarfulltrúa að gera stutta athugasemd oftari en einu sinni undir hverjum dagskrárlið sé um að ræða athugasemd um fundarsköp, fundarstjórn forseta eða til að bera af sér ámæli. Bæjarstjóri hefur óbundið málfrelsi.
- h. **Ræðutími.** Við umræðu um mál skv. 4. tl. 10. gr. samþykktar þessarar má ræðutími vera allt að 20 mínútur. Ræðutími í síðari ræðu má vera allt að 10 mínútur; hið sama gildir um þriðju ræðu framsögumanns og síðari ræður bæjarstjóra.

Við umræður um fundargerðir skv. 2. tl. 10. gr. er ræðutími takmarkaður við 10 mínútur.

Við umræður um mál sem tekin eru á dagskrá skv. 2. mgr. 20. gr. ákveður forseti takmarkanir á ræðutíma.

Ræðutími bæjarfulltrúa sem óskar að bera af sér ámæli eða gera stutta athugasemd má vera allt að ein mínúta. Forseti getur þó heimilað lengri ræðutíma við umræður um fundarsköp sbr. g. lið 2. mgr. 16. gr. samþykktar þessarar.

Forseta er heimilt að rýmka ræðutíma sé mál það umfangsmikið eða mikilvægt að ekki sé hægt að ræða það á fullnægjandi hátt innan þeirra reglna sem mælt er fyrir um í 1. mgr. þessa liðar. Einnig er forseta heimilt að rýmka ræðutíma bæjarfulltrúa ef sérstaklega stendur á og nauðsyn krefur. Ákvörðun forseta samkvæmt þessari málsgrein skal liggja fyrir áður en umræða hefst. Við umræðu um fjárhagsáætlun, ársreikning og aðalskipulag Ísafjarðarbæjar skal ræðutími vera óbundinn.

Telji forseti umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers bæjarfulltrúa verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver bæjarfulltrúi getur og borið fram slíkar tillögur.

Þá getur forseti hvenær sem er lagt til að umræðu skuli lokið á ákveðnum tíma. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo að hún standi skemur en tvær klukkustundir ef einhver bæjarfulltrúi kveður sér hljóðs.

Bæjarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust.

Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

- i. **Tillögur og afgreiðsla.** Bæjarfulltrúi getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar. Forseti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti tillögur eru teknar til afgreiðslu. Tillögu má draga til baka fram að atkvæðagreiðslu. Forseti ber fyrst upp frávísunartillögu og aðrar dagskrártillögur um málsmeðferð. Viðaukatillaga er borin upp á eftir aðaltillögu hafi hún verið samþykkt.
- j. **Réttur til bókunar.** Bæjarfulltrúi á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls sem til meðferðar er í bæjarstjórn.
- k. **Atkvæðagreiðsla.** Atkvæðagreiðsla á bæjarstjórnarfundum fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Forseti biður þá bæjarfulltrúa sem samþykkja mál að gefa merki þar um. Að því búnu leitar forseti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir forseti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið að forseti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Forseti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber forseta að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. þriðjungur bæjarfulltrúa óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá bæjarfulltrúa í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða bæjarfulltrúi greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal forseti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar bæjarfulltrúi, þegar forseti les upp nafn hans, já eða nei, eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef bæjarfulltrúi óskar og bæjarstjórn samþykkir.

Kosningar skulu vera skriflegar og leynilegar ef þess er óskað.

- l. **Kosningar.** Bæjarstjórn kýs fulltrúa í bæjarráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Kosningar skulu vera skriflegar, leynilegar, bundnar hlutfallskosningar ef einhver bæjarfulltrúar óskar þess. Oddvitar framboða koma sér saman um það hvernig val þeirra á fulltrúum fullnægi ákvæðum 2. tl. 44. gr. sveitarstjórnarlaga varðandi kynjahlutfall.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana sem þeir starfa hjá.

17. gr.

Hæfi til þátttöku í meðferð og afgreiðslu einstakra mála

Um hæfi bæjarfulltrúa, nefndarfulltrúa og starfsmanna Ísafjarðarbæjar til þátttöku í meðferð eða afgreiðslu mála þar sem á, eða til greina kemur, að taka stjórnvaldsákvörðun skv. 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, gilda ákvæði stjórnsýslulaga sé ekki öðruvísi ákveðið í sveitarstjórnarlögum.

Viðkomandi telst þó aðeins vanhæfur sé hann sjálfur aðili að máli, fyrirsvarsmaður eða umboðsmaður aðila, eða sé hann nú eða hafi verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða að einum lið til hliðar eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar. Þá verður starfsmaður Ísafjarðarbæjar ekki vanhæfur vegna vanhæfis yfirmanns ef eðli máls eða uppbygging stjórnkerfis sveitarfélagsins þykir ekki gefa tilefni til slíks.

Í öðrum tilvikum en skv. 1. mgr. ber bæjarfulltrúa, nefndarfulltrúa eða starfsmanni Ísafjarðarbæjar að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af. Þessi regla tekur einnig til gerðar samninga fyrir hönd sveitarfélagsins.

Að öðru leyti vísast til 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

18. gr.

Varamenn í bæjarstjórn

Sé bæjarfulltrúi forfallaður um stundarsakir skal hann boða varamann sinn til fundarins og tilkynna eða láta tilkynna forföllin til bæjarstjóra. Varamenn taka sæti í bæjarstjórn í þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalmenn þess lista sem þeir eru kosnir af forfallast.

Ef framboðslisti er borinn fram af tveimur eða fleiri stjórn mála flokkum eða samtökum geta aðalmenn listans komið sér saman um mismunandi röð varamanna eftir því hver aðalmanna hefur forfallast, sbr. 21 gr. sveitarstjórnarlaga. Tilkynning um slíkt samkomulag skal lögð fram í upphafi kjörtímabils og gildir hún til loka þess.

IV. KAFLI

Réttindi og skyldur bæjarfulltrúa

19. gr.

Skyldur bæjarfulltrúa

Bæjarfulltrúa er skylt að sækja alla bæjarstjórnarfundi nema lögmæt forföll hamli. Vísað er til 18. gr. samþykktar þessarar um boðun varamanns sé bæjarfulltrúi forfallaður.

Hver bæjarfulltrúi er skyldur til að taka að sér þau störf sem bæjarstjórn felur honum og varða verkefni bæjarstjórnar, svo sem forsetastörf og störf í bæjarráði eða öðrum nefndum á vegum bæjarstjórnar. Þó getur sá sem verið hefur forseti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í bæjarráði eða annarri nefnd sama tímabil skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi. Ósk um undanþágu skal sett fram áður en kjör í viðkomandi nefnd eða trúnaðarstarf fer fram.

Bæjarfulltrúi skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- og/eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst áfram eftir að bæjarfulltrúi lætur af þeim störfum.

20. gr.

Réttur bæjarfulltrúa

Bæjarfulltrúi er sjálfstæður í störfum sínum. Honum ber að gegna bæjarfulltrúastörfum sínum af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna sveitarfélagsins en í störfum sínum er bæjarfulltrúi einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

Bæjarfulltrúi á rétt á að tekið verði á dagskrá bæjarstjórnarfundar hvert það málefni sem sérstaklega varðar hagsmuni sveitarfélagsins eða verkefni þess. Mál sem ekki er tilgreint á boðaðri dagskrá bæjarstjórnarfundar verður þó ekki tekið til afgreiðslu á viðkomandi fundi án samþykkis 2/3 hluta fundarmanna.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum bæjarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari, sbr. m.a. 16. gr.

Bæjarfulltrúa er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál sem bæjarstjórn er að lögum skylt að afgreiða, svo sem fjárhagsáætlun, ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur forseti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu ef minna en helmingur bæjarfulltrúa tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

21. gr.

Aðgangur að gögnum

Vegna starfa sinna í bæjarstjórn á sérhver bæjarfulltrúi rétt á að kynna sér gögn og upplýsingar sem fyrir liggja í stjórnsýslu Ísafjarðarbæjar og varða málefni sem komið geta til umfjöllunar í bæjarstjórn.

Bæjarfulltrúi skal eiga eðlilegan aðgang að skrifstofu og stofnunum Ísafjarðarbæjar í þeim tilgangi að kynna sér starfsemi sveitarfélagsins og rekstur.

Til að nýta sérstakan rétt sinn skv. þessari grein skal bæjarfulltrúi snúa sér til bæjarstjóra eða staðgengils bæjarstjóra í fjarveru hans.

Séu gögn undanþegin upplýsingarétti almennings, sbr. upplýsingalög nr. 140/2012, verða þau ekki afrituð eða farið með þau af skrifstofu.

22. gr.

Siðareglur og góðir starfshættir

Bæjarfulltrúi skal í störfum sínum fara eftir þeim siðareglum sem bæjarstjórn setur sér, sbr. 29. gr. sveitarstjórnarlaga.

23. gr.

Lausn frá störfum.

Nú telur bæjarfulltrúi sig ekki geta gegnt skyldum sínum í bæjarstjórn án óhæfilegs álags og getur bæjarstjórn þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils, sbr. 30. gr. sveitarstjórnarlaga. Varamaður tekur þá sæti hans.

Missi bæjarfulltrúi kjörgengi skal hann víkja úr bæjarstjórninni, sbr. þó ákvæði 3. mgr. 30. gr. sveitarstjórnarlaga.

Nú er bæjarfulltrúi af einhverjum ástæðum sviptur fjárforræði, svo sem ef bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta, og skal bæjarstjórn þá veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

24. gr.

Boðun varamanna

Þegar aðalmaður er vanhæfur til meðferðar máls í bæjarstjórn hann boða varamann sinn til meðferðar þess og afgreiðslu, og tilkynna eða láta tilkynna forföll til bæjarstjóra

Að afgreiðslu máls lokinni tekur aðalmaður sæti sitt á viðkomandi fundi á ný. Verði innköllun varamanns ekki við komið getur vanhæfur bæjarfulltrúi krafist þess að umræðu og afgreiðslu máls verði frestað til næsta fundar. Frestun nær þó ekki fram að ganga ef 2/3 hlutar viðstaddra bæjarfulltrúa greiða atkvæði gegn frestun eða ef frestun hefur í för með sér að gengið sé gegn lögbundnum afgreiðslutíma máls.

Þegar aðalmaður getur ekki mætt til fundar eða þarf að víkja af fundi af heilsufarsástæðum eða af öðrum óviðráðanlegum ástæðum tekur varamaður hans sæti í bæjarstjórn á þeim fundi. Aðalmaður skal boða varamann og tilkynna eða láta tilkynna forföll til bæjarstjóra, sbr. 18. gr. samþykktu þessara. Forföll samkvæmt þessari málsgrein taka ávallt til viðkomandi fundar í heild, eða til loka fundar sé um það að ræða.

Þegar fyrir sé að aðalmaður í bæjarstjórn mun taka hlé frá störfum vegna atvika sem greinir í 2. mgr. í a.m.k. einn mánuð skal varamaður hans taka sæti í bæjarstjórninni frá og með næsta fundi, enda séu þá ástæður forfalla enn til staðar. Þegar forföllum lýkur tekur aðalmaður sæti sitt að nýju frá og með næsta fundi.

Þegar aðalmaður fellur frá, missir kjörgengi eða fær lausn frá starfi í bæjarstjórn skal varamaður hans taka sæti frá og með næsta fundi.

25. gr.

Þóknun

Bæjarfulltrúi skal fá hæfilega þóknun úr bæjarsjóði fyrir störf sín í bæjarstjórn. Þá á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar. Bæjarfulltrúa er óheimilt að afsala sér greiðslum sem honum eru ákveðnar á grundvelli þessarar málsgreinar.

Bæjarstjórn setur reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

26. gr.

Réttindi og skyldur varamanna

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa gilda einnig um varamenn sem taka sæti í bæjarstjórn.

V. KAFLI

Bæjarráð

27. gr.

Kosning bæjarráðs

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum kjósa þrjá bæjarfulltrúa í bæjarráð til eins árs og jafnmarga til vara. Aðalfulltrúar í bæjarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn og varamenn í bæjarráð, sbr. 36. gr. sveitarstjórnarlaga. Forfallist bæði aðalmaður og varamaður bæjarráðs af sama framboðslista, telst næsti aðili framboðslistans, sem er aðalmaður eða varamaður í bæjarstjórn framboðslistans, í þeirri röð sem þeir skipuðu listann þegar kosið var, næsti varamaður framboðslistans í bæjarráði. Bæjarstjórn kýs formann og varaformann bæjarráðs úr hópi kjörinna bæjarráðsmanna.

Í þeim tilfellum sem framboðslisti á einn aðalfulltrúa í bæjarstjórn er heimilt að kjósa varamann hans sem varafulltrúa hans í bæjarráði.

Bæjarstjóri á sæti í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins að hann sé bæjarfulltrúi og kjörinn í bæjarráð.

Um þóknun til bæjarfulltrúa í bæjarráði fer eftir 25. gr. samþykktu þessara.

Um lausn bæjarfulltrúa frá nefndarsetu og endurskipun fer eftir 42. gr. samþykktu þessara.

28. gr.

Fundartími bæjarráðs

Bæjarráð skal að jafnaði halda fundi einu sinni í viku. Aukafundi skal halda ef bæjarstjóri, formaður bæjarráðs eða a.m.k. tveir bæjarráðsmenn óska þess.

Heimilt er að halda fund með síma- eða fjarfundabúnaði að uppfylltum þeim skilyrðum sem fram koma í 14. gr. samþykktar þessarar.

29. gr.

Undirbúningur og boðun bæjarráðsfunda

Bæjarstjóri undirbýr bæjarráðsfundi í samráði við formann bæjarráðs.

Bæjarstjóri sér um að bæjarráð sé boðað til fundar með skriflegu fundarboði, ásamt dagskrá, a.m.k. sólarhring fyrir fund.

Geti bæjarráðsmaður ekki sótt fund skal hann boða varamann sinn og tilkynna eða láta tilkynna bæjarstjóra um forföllin.

30. gr.

Stjórnun bæjarráðs

Formaður bæjarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum, en bera má úrskurði hans undir bæjarráð.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í bæjarráði þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver bæjarráðsmaður óskar þess.

Bæjarráð getur ráðið sér fundarritara utan bæjarráðs. Um ritun fundargerða bæjarráðs gilda sömu reglur og um ritun fundargerðar bæjarstjórnarinnar, sbr. 1. mgr. 16. gr. samþykktar þessarar.

Fundir bæjarráðs skulu almennt haldnir fyrir luktum dyrum. Um fundi bæjarráðs, ályktunarhæfi og atkvæðagreiðslur gilda ákvæði III. kafla samþykktar þessarar og sveitarstjórnarlaga eftir því sem við á.

31. gr.

Áheyrnarfulltrúar í bæjarráði

Framboðsaðila sem fulltrúa á í bæjarstjórn en ekki hefur fengið kjörinn bæjarráðsmann er heimilt að tilnefna áheyrnarfulltrúa til setu í bæjarráði. Skylt er bæjarstjórn að gefa fulltrúa flokks og/eða framboðsaðila sem sæti á í bæjarstjórn kost á setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt þann tíma sem fundir bæjarstjórnar falla niður vegna sumarleyfa. Áheyrnarfulltrúi og varaáheyrnarfulltrúi í bæjarráði skulu vera aðalmenn í bæjarstjórn, sbr. 3. mgr. 50. gr. sveitarstjórnarlaga, að undanskildum tilvikum sem geta fallið undir 2. mgr. 27. gr. samþykktar þessara.

32. gr.

Verkefni bæjarráðs

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn sveitarfélagsins og fjármálastjórn að því leyti sem slík stjórn er ekki öðrum falin.

Bæjarráð hefur umsjón með stjórnsýslu sveitarfélagsins, undirbúningi árlegrar fjárhagsáætlunar, semur drög að fjárhagsáætlun bæjarsjóðs og stofnana hans og fyrirtækja, að fengnum tillögum hlutaðeigandi nefnda og stjórna, og leggur þau fyrir bæjarstjórn í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga.

Þá sér bæjarráð um að ársreikningar bæjarsjóðs séu samdir og að þeir, ásamt ársreikningum stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins, verði lagðir fyrir bæjarstjórn til afgreiðslu svo sem sveitarstjórnarlög mæla fyrir um.

Meðan á sumarleyfi bæjarstjórnar stendur fer bæjarráð með sömu heimildir og bæjarstjórn hefur ella.

Þá getur bæjarstjórn falið bæjarráði fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæli á annan veg.

33. gr.

Heimild bæjarráðs til fullnaðarákvörðunar

Bæjarráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála sem það fær til meðferðar. Bæjarráði er þó heimil fullnaðarafgreiðsla mála sem ekki varða verulega fjárhag bæjarsjóðs eða stofnana hans, enda sé ekki ágreiningur milli bæjarráðsmanna eða við bæjarstjóra um slíka afgreiðslu.

Bæjarráð ákveður skiptingu og ráðstöfun fjár sem ætlað er til einstakra málaflokka samkvæmt fjárhagsáætlun, svo sem til gatnagerðar, nýbygginga og óvissra útgjalda. Vald til fullnaðarafgreiðslu máls getur aldrei falið í sér vald til töku ákvörðunar sem gengur gegn fjárhagsáætlun eða öðrum almennum og bindandi reglum eða áætlunum sem bæjarstjórn hefur sett.

Fullnaðarákvarðanir sem teknar hafa verið sæta ekki eiginlegu málskoti innan stjórnsýslu sveitarfélagsins, heldur getur aðili máls átt rétt á endurupptöku ákvörðunar, sbr. 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Ef óskað er endurupptöku máls sem bæjarráð hefur afgreitt, sbr. 3. mgr. 32. gr., skal leggja það fyrir bæjarstjórn til endanlegrar afgreiðslu

VI. KAFLI

Fastanefndir, ráð og stjórnir aðrar en bæjarráð

34. gr.

Kosning í fastanefndir og kjörtímabil

Bæjarstjórn kýs fulltrúa í nefndir eftir því sem mælt er um í lögum og samþykkt þessari. Slíkar nefndir teljast fastanefndir bæjarstjórnar.

Kjörtímabil fastanefnda er hið sama og bæjarstjórnar, nema annað leiði af lögum eða samþykkt þessari.

Að loknum sveitarstjórnarkosningum halda fastanefndir þó umboði sínu þar til nýkjörin bæjarstjórn hefur kjörið nýja nefnd í þeirra stað, en með sömu takmörkunum valdheimilda og fyrri bæjarstjórn sætti að afloknum kosningum, sbr. 12. gr. og 2. mgr. 37. gr. sveitarstjórnarlaga.

35. gr.

Kosning og kjörgengi

Kosningar í fastanefndir bæjarstjórnar, nefndir fyrir hluta Ísafjarðarbæjar, nefndir til að fara með einstök verkefni eða málaflokka og aðrar nefndir og stjórnir sem Ísafjarðarbær á aðild að, skulu vera leynilegar og bundnar hlutfallskosningar, ef þess er óskað. Framkvæmd kosninga skal þá vera í samræmi við ákvæði 44. og 45. gr. sveitarstjórnarlaga.

Ef ekki er kosið hlutfallskosningu til nefndar, sbr. 1. mgr. 43. gr., sveitarstjórnarlaga, skulu oddvitar framboða koma sér saman um það hvernig val þeirra á fulltrúum fullnægi ákvæðum 2. tl. 44. gr. sveitarstjórnarlaga varðandi kynjahlutfall.

Þeir einir eru kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir sem hafa kosningarrétt í Ísafjarðarbæ, nema annað leiði af lögum, sbr. m.a. 2. mgr. 39. gr. sveitarstjórnarlaga.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana sem þeir starfa hjá, nema sem áheyrnarfulltrúar með samþykki bæjarstjórnar. Bæjarstjórn getur þó ákveðið að víkja frá þessu ef málefni vinnuveitanda eru óverulegur þáttur í starfi viðkomandi nefndar og starfið er ekki þess eðlis að hætta sé á hagsmunaárekstrum vegna nefndarsetu.

36. gr.

Valdsvið nefnda og framsal bæjarstjórnar til fastanefnda á valdi til fullnaðarafgreiðslu mála

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum, erindisbréfum eða samþykktum bæjarstjórnar. Bæjarstjórn getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka, sbr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga, nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið bæjarstjórn til ákvörðunar.

Vald nefndar til fullnaðarafgreiðslu máls getur þó aldrei falið í sér vald til töku ákvörðunar sem gengur gegn fjárhagsáætlun eða öðrum almennum og bindandi reglum eða áætlunum sem bæjarstjórn hefur sett. Heimildir nefnda eru háðar því að samþykktir þeirra sem hafa í för með sér útgjöld séu innan heimilda í fjárhagsáætlun fyrir viðkomandi málaflokk.

Sé nefnd ekki falið að taka fullnaðarákvörðun um mál, skv. lögum eða samþykkt þessari, teljast ályktanir hennar tillögur til bæjarstjórnar, enda þótt þær séu orðaðar sem ákvarðanir eða samþykktir, og eru háðar staðfestingu bæjarstjórnar.

37. gr.

Afgreiðsla á fundargerðum

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna skulu að jafnaði teknar á dagskrá bæjarráðs og bæjarstjórnar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundum. Ef fundargerðir innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar bæjarstjórnar eru fundargerðirnar lagðar fram til kynningar. Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar bæjarstjórnar ber að taka þær sérstaklega á dagskrá.

Ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar sem hefur í för með sér útgjöld sem ekki er kveðið á um í fjárhagsáætlun skal ætíð lögð fyrir bæjarráð og síðan bæjarstjórn til endanlegrar afgreiðslu, ásamt viðauka við fjárhagsáætlun sveitarfélagsins vegna útgjaldanna.

38. gr.

Fundir nefnda og ályktunarhæfi

Starfsmaður nefndar, í samstarfi við formann nefndar undirbýr nefndarfundi. Starfsmaður nefndar sér um að boðað sé til fundar með skriflegu fundarboði, ásamt dagskrá, a.m.k. einum sólarhring fyrir fund. Geti nefndarmaður ekki sótt fund skal hann í boða varamann og tilkynna eða láta tilkynna til formanns nefndar og starfsmanns nefndar.

Fundir nefnda skulu almennt haldnir fyrir luktum dyrum. Nefnd er heimilt að opna fundi sína komi fram ósk um slíkt, svo fremi sem lög eða eðli máls hamli því ekki, enda er tillaga um slíkt samþykkt af meirihluta nefndarmanna.

Um fundi nefnda, ályktunarhæfi og atkvæðagreiðslur gilda ákvæði III. kafla samþykktar þessarar og sveitarstjórnarlaga eftir því sem við getur átt.

Heimilt er að halda fund með síma- eða fjarfundabúnaði að uppfylltum þeim skilyrðum sem fram koma í 14. gr. samþykktar þessarar.

39. gr.

Fundarstjórn og fundargerðir

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins eftir því sem við á.

Nefndir, ráð og stjórnir sveitarfélagsins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Um ritun fundargerða, nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnar, sbr. 1. mgr. 16. gr. samþykktar þessarar.

40. gr.

Varamenn.

Varamenn taka sæti í nefndum í þeirri röð sem þeir eru kosnir.

Þegar kosið er til nefndar hlutbundinni listakosningu eða listi hefur verið sjálfkjörinn og aðalmaður í nefnd er forfallaður taka varamenn þess lista sem aðalmaður er kjörinn af sæti í nefnd í þeirri röð sem þeir skipa listann eftir að endurröðun á hann hefur farið fram skv. 4. tl. 1. mgr. 45. gr. sveitarstjórnarlaga.

Ef tveir eða fleiri flokkar eða framboðslistar til bæjarstjórnar leggja í sameiningu fram tillögu að lista við hlutbundna kosningu í nefnd bæjarstjórnar geta þeir komið sér saman um að varamenn á listanum vegna nefndarkosningarinnar, sem eru þar fulltrúar sama flokks eða framboðslista og sá aðalmaður í nefnd sem um ræðir, taki sæti hans í nefndinni í þeirri röð sem þeir voru kosnir án tillits til þess hvar þeir annars eru í röð varamanna. Sé enginn úr hópi varamanna viðkomandi lista í sama flokki eða tilheyri sama framboðslista og aðalmaður tilheyrði þegar kosning í nefnd fór fram, taka varamenn af listanum sæti eftir venjulegum reglum.

Yfirlýsingu um samkomulag skv. 3. mgr. skal leggja fram á fyrsta bæjarstjórnarfundi eftir að nefndarkosning fór fram og gildir hún til loka kjörtímabils eða þar til kjörið er í nefnd að nýju.

41. gr.

Boðun varamanna

Um boðun varamanna á nefndarfundum gilda ákvæði 24. gr. samþykktar þessarar eftir því sem við á.

Þegar aðalmaður í nefnd fellur frá, missir kjörgengi, fær lausn frá nefndarstarfi eða forfallast varanlega frá því að sitja í nefnd tekur varamaður hans sæti í nefndinni nema bæjarstjórn ákveði að kjósa aðalmann að nýju, ella skipar bæjarstjórn nýjan varamann til setu í nefndinni.

Ákvæði þessa kafla samþykktarinnar um varamenn taka einnig til varaáheyrnarfulltrúa eftir því sem við getur átt.

42. gr.

Lausn frá nefndarsetu og endurskipun

Fulltrúum í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins, sem ekki eru aðal- eða varamenn í bæjarstjórn, er heimilt að segja af sér nefndastörfum hvenær sem er á kjörtímabili. Aðrir fulltrúar geta óskað eftir því við bæjarstjórn að þeim verði veitt lausn tímabundið eða út kjörtímabilið og metur hún þá hvort skilyrði til þess séu fyrir hendi.

Bæjarstjórn getur hvenær sem er á kjörtímabili ákveðið að skipta um fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum sem hún kys eða skipar, ef ekki er um það ágreiningur innan bæjarstjórnar eða málefnalegar ástæður mæla með slíkri breytingu, svo sem ef nefndarmaður, án lögmætra forfalla, mætir ekki á fundi nefndar eða brýtur gegn þagnarskyldu. Enn fremur getur bæjarfulltrúi krafist þess að nefnd verði endurskipuð telji hann ástæðu til. Bæjarstjórn er þó heimilt að hafna slíkri beiðni ef hún er bersýnilega tilefnislaus að því tilskildu að 2/3 fundarmanna greiði atkvæði með tillögu um höfnun. Við framangreindar breytingar á skipan fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum Ísafjarðarbæjar skal kjósa alla fulltrúa að nýju og fer þá um kjör þeirra skv. 1. mgr. 43. gr. sveitarstjórnarlaga, nema enginn ágreiningur sé innan bæjarstjórnar um breytingarnar.

Breytingar á nefndaskipan samkvæmt þessari grein skulu fullnægja skilyrðum 2. tl. 44. gr. og 4. tl. 1. mgr. 45. gr. sveitarstjórnarlaga um kynjahlutföll.

43. gr.

Áheyrnarfulltrúar

Framboðsaðila sem fulltrúa á í bæjarstjórn en ekki hefur fengið kjörinn fulltrúa í fastanefnd er heimilt að tilnefna áheyrnarfulltrúa til þátttöku á fundum nefnda, að undanskilinni barnaverndarnefnd.

Um áheyrnarfulltrúa á fundum nefnda gilda sömu þagnarskylduákvæði laga og eiga við um aðra nefndarmenn. Áheyrnarfulltrúi og varaáheyrnarfulltrúi skulu fullnægja kjörgengisskilyrðum í viðkomandi nefnd.

44. gr.

Póknun

Bæjarstjórn er skylt að ákveða kjörnum fulltrúum í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum Ísafjarðarbæjar hæfilega póknun fyrir þau störf, samkvæmt mati bæjarstjórnar, í samræmi við reglur sem hún setur.

Bæjarstjórn er með sama hætti heimilt að ákveða að greiða áheyrnarfulltrúum póknun fyrir störf þeirra í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum sveitarfélags.

45. gr.

Önnur réttindi og skyldur

Nefndarmönnum er skylt að sækja fundi nefndar.

Ákvæði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda að öðru leyti um fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins eftir því sem við á. Réttindi takmarkast þó eftir eðli máls við það sem fulltrúum er þörf á vegna starfa í viðkomandi nefnd.

46. gr.

Aðrar nefndir, ráð og stjórnir sem Ísafjarðarbær á aðild að

Bæjarstjórn kys fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir sem sveitarfélagið á aðild að samkvæmt viðkomandi lögum eða samþykktum. Ákvæði þessa kafla samþykktarinnar eiga við um slíka fulltrúa eftir því sem við getur átt.

Að því leyti sem nefnd, ráð eða stjórn lögaðila, sem bæjarstjórn kys fulltrúa til skv. 1. mgr., fer með framkvæmd eða ábyrgð á verkefni sem sveitarfélaginu væri ekki sjálfu heimilt að sinna, þá er fulltrúi Ísafjarðarbæjar í viðkomandi nefnd, ráði eða stjórn ekki bundinn af fyrirmælum bæjarstjórnarinnar um þau störf. Hið sama á við að því leyti sem það leiðir af lögum sem gilda um rekstur og starfsemi viðkomandi lögaðila.

47. gr.

Nefndir, ráð, stjórnir, tilnefningar og kosningar

Bæjarstjórn kys í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

A. Nefndir. Hér er um að ræða fagnefndir sem sinna faglegu starfi þeirra málaflokka sem þeim hafa verið falin af bæjarstjórn með erindisbréfum:

1. *Bæjarráð.* Bæjarstjórn kys þrjá bæjarfulltrúa og þrjá til vara í bæjarráð skv. 35. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 27. gr. samþykktar þessarar. Bæjarráð er kosið árlega. Kjósa skal í bæjarráð á fyrsta fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og síðan árlega í júní ár hvert. Ákvæði 43. gr. samþykktar þessarar gilda um þá flokka eða framboðsaðila sem fulltrúa eiga í bæjarstjórn en ekki fá kjörinn bæjarráðsmann. Verkefni bæjarráðs eru tilgreind í 32. gr. samþykktar þessara.

2. *Fræðslunefnd.* Bæjarstjórn kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara í fræðslunefnd. Bæjarstjórn kýs nefndinni formann og varaformann. Nefndin er kosin á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hennar hið sama og bæjarstjórnar. Fræðslunefnd fer með málefni leikskóla samkvæmt leikskólalögum nr. 90/2008, grunnskóla samkvæmt grunnskólalögum nr. 91/2008, tónlistarskóla samkvæmt lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985 og samstarfssamningum um rekstur hans hverju sinni auk umsjónar með daggæslu barna í heimahúsum, sbr. reglugerð nr. 907/2005. Einnig fer hún með málefni framhaldsskóla samkvæmt ákvæðum framhaldsskólalaga nr. 92/2008 og samstarfssamningum sem gilda um rekstur framhaldsskóla hverju sinni. Auk verkefna sem fræðslunefnd hefur með höndum samkvæmt lögum getur bæjarstjórn falið henni ýmis verkefni með erindisbréfi.
3. *Íþrótt- og tómstundaneftnd.* Bæjarstjórn kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara í íþrótt- og tómstundaneftnd. Bæjarstjórn kýs nefndinni formann og varaformann. Nefndin er kosin á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hennar hið sama og bæjarstjórnar. Nefndin fer með íþrótt-, tómstunda- og æskulýðsmál í sveitarfélaginu, þar með talið eftirlit með íþróttamannvirkjum en þau eru rekin af Eignasjóði, málefni félagsmiðstöðva og vinnuskóla. Nefndin skal stuðla að samstarfi í íþróttamálum m.a. með nánú samstarfi við Héraðssamband Vestfirðinga. Auk verkefna sem íþrótt- og tómstundaneftnd hefur með höndum samkvæmt lögum getur bæjarstjórn falið henni ýmis verkefni með erindisbréfi.
4. *Velferðarneftnd.* Bæjarstjórn kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara í velferðarneftnd, sbr. lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar kýs nefndinni formann og varaformann. Velferðarneftnd er kosin á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hennar hið sama og bæjarstjórnar. Í samræmi við samning Ísafjarðarbæjar við Súðavíkurrepp, um sérfræðiráðgjöf, vinnslu mála og stjórnun í félagsþjónustu, dags. 29. júní 2020, skal Súðavíkurreppur tilnefna einn áheyrnarfulltrúa með málfrelsi og tillögurétt á fundi velferðarneftndar. Velferðarneftnd fer með verkefni jafnréttisneftndar samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008. Þá fer velferðarneftnd með framkvæmd á málefnum fatlaðra og málefnum aldraðra, sbr. lög um málefni aldraðra nr. 125/1999, auk málefna húsnæðisneftndar samkvæmt lögum um húsnæðismál nr. 44/1998. Auk verkefna sem velferðarneftnd hefur með höndum samkvæmt lögum og samþykkt þessari getur bæjarstjórn falið henni ýmis verkefni með erindisbréfi.
5. *Menningarmálanefnd.* Bæjarstjórn kýs þrjá fulltrúa og jafnmarga til vara í menningarmálanefnd. Bæjarstjórn kýs nefndinni formann og varaformann. Nefndin er kosin á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hennar hið sama og bæjarstjórnar. Menningarmálanefnd starfar að menningar- og ferðamálum. Nefndin skal vera tengiliður bæjarstjórnar og menningarlífs, vera bæjarstjórn til ráðgjafar og gera tillögur til bæjarstjórnar um markmið í lista-, menningar- og safnamálum. Nefndin er bæjarstjórn til ráðuneytis um verndun gamalla húsa og fornra minja samkvæmt þjóðminjalögum. Nefndin fer jafnframt með vinabæjarsamskipti, hátíðahöld og málefni félagsheimila og. Nefndin fer með menningarmál þar með talið málefni bókasafna samkvæmt ákvæðum bókasafnslaga nr. 150/2012, málefni héraðsskjalasafns samkvæmt lögum nr. 77/2014, um opinber skjalasöfn, sem og annarra safna.

6. *Skipulags- og mannvirkjanefnd*: Bæjarstjórn kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara í skipulags- og mannvirkjanefnd. Bæjarstjórn kýs nefndinni formann og varaformann. Skipulags- og mannvirkjanefnd er kosin á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hennar hið sama og bæjarstjórnar. Nefndin fer með byggingar- og skipulagsmál samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 og lögum nr. 160/2010 um mannvirki. Nefndin hefur eftirlit með stefnumörkun og samþykktum í málaflokkum sem undir hana heyra, hefur frumkvæði að gerð þróunaráætla og skipulagstillagna og leggur fyrir bæjarstjórn svæðis- og aðalskipulagsáætlanir ásamt tillögu að úthlutun lóða og að gatnagerðar- og þjónustugjöldum. Nefndin skal í störfum sínum huga að ferlimálum fatlaðra samkvæmt lögum þar um. Auk verkefna sem nefndin hefur með höndum samkvæmt lögum getur bæjarstjórn falið henni ýmis verkefni með erindisbréfi.
7. *Umhverfis- og framkvæmdanefnd*: Bæjarstjórn kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara í umhverfis- og framkvæmdanefnd. Bæjarstjórn kýs nefndinni formann og varaformann. Umhverfis- og framkvæmdanefnd er kosin á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hennar hið sama og bæjarstjórnar. Nefndin fjallar um umhverfis- og náttúruverndarmál í samræmi við stefnu sveitarfélagsins. Nefndin sinnir lögbundnum verkefnum gróðurverndarnefndar samkvæmt lögum um landgræðslu nr. 155/2018, náttúruverndarnefndar samkvæmt náttúruverndarlögum nr. 60/2013. Nefndin er bæjarstjórn til ráðuneytis um búfjárhald, dýraeftirlit, refa- og minkaeyðingu, meindýraeyðingu og fjárgirðingar, sbr. ákvæði gildandi laga þar um. Nefndin fer með stjórn vatnsveitu, fráveitu og Eignasjóðs að því marki sem þau verkefni eru ekki falin öðrum nefndum. Auk verkefna sem nefndin hefur með höndum samkvæmt lögum getur bæjarstjórn falið henni ýmis verkefni með erindisbréfi.
8. *Hafnarstjórn*. Bæjarstjórn kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara í hafnarstjórn samkvæmt lögum um hafnamál nr. 61/2003. Bæjarstjórn kýs hafnarstjórn formann og varaformann. Stjórnin er kosin á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hennar hið sama og bæjarstjórnar. Auk verkefna sem hafnarstjórn hefur með höndum samkvæmt lögum getur bæjarstjórn falið henni ýmis verkefni með erindisbréfum.
9. *Kjörstjórnir*. Bæjarstjórn kýs þrjá fulltrúa og jafnmarga til vara í yfirkjörstjórn, sbr. 15. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000 og 14. gr. laga um sveitarstjórnarkosningar nr. 5/1998. Undirkjörstjórnir eru jafnmargar og kjördeildir eru: Þrír aðalmenn skulu kjörnir í hverja og jafnmargir varamenn. Yfirkjörstjórn er kosin á fyrsta fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hennar hið sama og bæjarstjórnar. Undirkjörstjórnir skulu jafnframt kosnar af bæjarstjórn. Kjörstjórnir fara með þau verkefni sem þeim eru falin samkvæmt ákvæðum fyrrgreindra laga.
10. *Fjallaskilaneftnd*. Bæjarstjórn kýs þrjá aðalmenn og jafnmarga til vara. Nefndin fer með fjallaskilamál skv. lögum um afréttarmálefni, fjallaskil o.fl. nr. 6/1986 og reglugerð um búfjármörk, markaskrár og takmörkun á sammerkingum búfjár nr. 200/1998. Nefndin fer með málefni riðuveiki samkvæmt 11. gr. reglugerðar nr. 651/2001. Nefndin hittist a.m.k. árlega og skipar gangna- og réttarstjóra í sveitarfélaginu.

B. Stjórnir og samstarfsráð. Hér er um að ræða stjórnir stofnana með sjálfstæðan fjárhag og tilnefningar í samstarfsráð sem hafa endanlegt ákvörðunarvald í málefnum sínum, þ.e. þurfa ekki staðfestingu bæjarstjórnar til að koma málum í framkvæmd innan ákveðins fjárhagslegs ramma. Kjörtímabil þeirra er samkvæmt samþykktum um stjórn viðkomandi stofnunar.

1. *Almannavarnanefnd*. Samkvæmt samkomulagi Ísafjarðarbæjar, Súðavíkurhrepps og lögreglustjórans á Vestfjörðum dags. 3. janúar 2007 og byggt á staðfestingu dómsmálaráðuneytis 24. september 2006 eru sveitarfélögin með eina almannavarnanefnd. Skipað er í nefndina skv. 1. gr. skipunar sameiginlegrar almannavarnarnefndar sveitarfélaganna, dags. 27. febrúar 2020, en ekki kosið af bæjarstjórn þrátt fyrir ákvæði almannavarnalaga.
2. *Barnaverndarnefnd*. Ísafjarðarbær, Súðavíkurhreppur og Bolungarvíkurkaupstaður standa sameiginlega að meðferð barnaverndarmála samkvæmt samningi dags. 18. febrúar 2003. Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar kys þrjá nefndarmenn og þrjá til vara. Nefndin kys sér formann. Barnaverndarnefnd starfar skv. barnaverndarlögum nr. 80/2002. Verkefni barnaverndarnefndar er skilgreint í erindisbréfi og verður því eigi breytt nema með samþykki samstarfsaðila eða skv. lagaskyldu.
3. *Heilbrigðisnefnd*. Sveitarstjórnirnar á svæðinu kjósa sameiginlega fimm aðalmenn og jafnmarga til vara í nefndina skv. 11. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.
4. *Stjórn Byggðasafns Vestfjarða*. Bæjarstjórn kys einn fulltrúa og einn til vara í stjórn Byggðasafnsins. Stjórnin kys sér formann. Safnið er sameign Ísafjarðarbæjar, Súðavíkurhrepps og Bolungarvíkurkaupstaðar.
5. *Búfjáreftirlitsnefnd*. Bæjarstjórn kys einn fulltrúa og einn til vara í búfjáreftirlitsnefnd. Nefndin er sameiginleg með Bolungarvíkurkaupstað og Súðavíkurhreppi (Búfjáreftirlitssvæði 10). Hana skipa þrír menn og jafnmargir til vara. Búfjáreftirlitsnefnd gerir tillögu um skipan búfjáreftirlitsmanna til viðkomandi sveitarstjórna.
6. *Öldungaráð*. Samkvæmt samþykkt um öldungaráð Ísafjarðarbæjar kys bæjarstjórn tvo fulltrúa og tvo til vara, Samtök eldri borgara í Ísafjarðarbæ tilnefna sex fulltrúa og sex til vara og Félag eldri borgara í Önundarfirði tilnefna einn fulltrúa og einn til vara. Kosið er til fjögurra ára.
7. *Ungmennaráð*. Samkvæmt samþykkt fyrir ungmennaráð Ísafjarðarbæjar starfar ungmennaráð samkvæmt beinu lýðræði. Með því fyrirkomulagi hafa öll ungmenni möguleika á að koma hugmyndum sínum á framfæri og hafa áhrif á málefni sveitarfélagsins. Ábyrgðin dreifist yfir hópinn og fleiri einstaklingar taka virkan þátt í starfi ungmennaráðs Ísafjarðarbæjar.

C. Tilnefningar og kosningar. Kosnir fulltrúar á ársþing og ársfundi stofnana sem bærinn á aðild að.

1. *Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga*. Samkvæmt lögum um Samband íslenskra sveitarfélaga kys bæjarstjórn aðal- og varafulltrúa á landsþing sambandsins. Fulltrúar sveitarfélagsins eru kosnir á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil þeirra hið sama og bæjarstjórnar.
2. *Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands*. Bæjarstjórn kys aðal- og varafulltrúa í fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands samkvæmt lögum um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands. Fulltrúar sveitarfélagsins eru kosnir á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil þeirra hið sama og bæjarstjórnar.
3. *Fjórðungssamband Vestfirðinga*. Bæjarstjórn kys aðal- og varafulltrúa á aðalfund Fjórðungssambands Vestfirðinga samkvæmt lögum sambandsins.

4. *Byggðasamlag Vestfjarða*. Bæjarstjóri er aðalfulltrúi í stjórn Byggðasamlagsins, en bæjarstjórn kys varafulltrúa í stjórn, í samræmi við samþykktir sambandsins.
5. *Tónlistarskóli Ísafjarðar*. Bæjarstjórn kys aðal- og varafulltrúa í Skólanefnd Tónlistarskóla Ísafjarðar. Fulltrúar sveitarfélagsins eru kosnir á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil þeirra hið sama og bæjarstjórnar.
6. *Stjórn Minjasjóðs Öfundarfjarðar*. Bæjarstjórn kys tvo stjórnarmenn samkvæmt skipulagsskrá Minjasjóðs Öfundarfjarðar. Fulltrúar sveitarfélagsins eru kosnir á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil þeirra hið sama og bæjarstjórnar.
7. *Stjórn Samfélagsmiðstöðvarinnar á Þingeyri ses.* Bæjarstjórn kys einn stjórnarmann, og einn til vara, til fjögurra ára, samkvæmt samþykktum Samfélagsmiðstöðvarinnar á Þingeyri ses.

D. Hverfisráð. Bæjarstjórn setur samþykktir fyrir hverfisráð á Þingeyri, Flateyri, Suðureyri, Holta-, Tungu- og Seljalandshverfi, Eyri og efri bæ í Skutulsfirði og í Hnífsdal.

- Aðeins er heimilt að starfrækja eitt hverfisráð í hverju hverfi, skv. samþykkt þessari.
- Á stofnfundi hverfisráðs sem íbúar hverfis eru boðaðir á eru 5 fulltrúar kosnir í nefndina og 2 til vara. Fulltrúar í hverfisráði eru kosnir til tveggja ára í senn.
- Hverfisráð setja sér sjálf starfsreglur sem samþykktar skulu á aðalfundum íbúa hverfanna en um starfshætti ráðanna gilda almenn ákvæði um frjáls félög og fundarsköp. Hlutverk hverfisráða er að vera vettvangur íbúanna til að hafa áhrif á nærumhverfi sitt.
- Hverfisráð skulu halda fundi reglulega en að lágmarki einn aðalfund árlega og gera þar grein fyrir starfseminni. Tilkynna skal um slíkan fund til Ísafjarðarbæjar því þar skal farið yfir samvinnu við bæinn, hlutverk og framtíðarsýn.
- Tengiliður hverfisráða við stjórnsýslu sveitarfélagsins er bæjarritari sem aðstoðar við upplýsingaöflun úr stjórnsýslunni og sér til þess að fundargerðir hverfisráða séu lagðar fyrir bæjarráð til kynningar og birtar á vef sveitarfélagsins.
- Gera skal ráð fyrir ákveðnu fjárframlagi til hverfisráða í gegnum fjárhagsáætlun hvers árs, s.s. til að greiða fyrir pappír, póstburðargjöld og annan umsýslukostnað í tengslum við hlutverk þeirra.
- Hverfisráð kemur erindum sínum á framfæri við bæjarstjórn eða stjórnsýslu sveitarfélagsins með formlegum hætti, þ.e. með bréfi, tölvupósti eða öðrum sannanlegum hætti.

E. Verkefnabundnar nefndir. Bæjarstjórn getur kosið nefndir (lausanefndir) til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils bæjarstjórnarinnar og fyrr ef verkefni nefndar er lokið. Bæjarstjórn getur þó afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er. Bæjarstjórn útbýr erindisbréf fyrir nefndina þar sem hlutverk og staða nefndarinnar er skilgreint.

F. Kjörtímabil nefnda. Sé kjörtímabil nefndar ekki sérstaklega tekið fram er það hið sama og bæjarstjórnar.

VII. KAFLI

Bæjarstjóri og aðrir starfsmenn

48. gr.

Ráðning bæjarstjóra

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við bæjarstjóra þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma hans, kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af bæjarstjórn. Ráðningartími bæjarstjóra skal að jafnaði vera sá sami og kjörtímabil bæjarstjórnar.

49. gr.

Hlutverk bæjarstjóra

Bæjarstjóri er framkvæmdastjóri sveitarfélagsins. Hann undirbýr fundi bæjarráðs og bæjarstjórnar, semur dagskrá og boðar til fundar, sbr. 9. gr. samþykktar þessarar.

Hann á sæti á fundum bæjarstjórnar og bæjarráðs með málfrelsi og tillögurétt, en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í bæjarstjórn eða bæjarráði. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda sveitarfélagsins með sömu réttindum.

Bæjarstjóri hefur með höndum málefni sveitarfélagsins og framkvæmd ákvarðana bæjarstjórnar að svo miklu leyti sem bæjarstjórn ákveður ekki annað.

Bæjarstjóri er prókúruhafi bæjarsjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna sveitarfélagsins, lántökur og aðrar skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki bæjarstjórnarinnar þarf til. Bæjarstjóra er heimilt með samþykki bæjarstjórnar að veita öðrum starfsmanni sveitarfélagsins prókúru. Prókúruhafar skulu vera fjár síns ráðandi.

Bæjarstjóri er æðsti yfirmaður starfsliðs sveitarfélagsins.

Bæjarritari er staðgengill bæjarstjóra í forföllum hans nema bæjarstjórn ákveði annað.

50. gr.

Ráðning stjórnenda

Bæjarstjórn ræður sviðsstjóra. Enn fremur ræður bæjarstjórn, að fengnum tillögum viðkomandi fagraða og stjórna, framkvæmdastjóra fyrirtækja með sjálfstæðan fjárhag sem eru í eigu bæjarsjóðs.

51. gr.

Ráðning annarra starfsmanna

Bæjarstjóri ræður stjórnendur stofnana að fengnum tillögum viðkomandi fagnefnda. Stjórnendur stofnana ráða aðra starfsmenn í samráði við sviðsstjóra.

52. gr.

Þagnarskylda starfsmanna

Starfsmenn Ísafjarðarbæjar og aðrir sem sveitarfélagið ræður til vinnu við ákveðin verkefni eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt eiga að fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

53. gr.

Starfskjör og réttindi starfsmanna

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna bæjarins fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og/eða ákvæðum ráðningarsamninga, reglum um ábyrgðarmörk, starfsmannastefnu og jafnréttisáætlun.

VIII. KAFLI

Fjármál sveitarfélagsins

54. gr.

Fjárstjórnarvald bæjarstjórnar

Einvörðungu bæjarstjórn getur tekið ákvarðanir um málefni sem varða verulega fjármál sveitarfélagsins. Til slíkra málefna teljast m.a. ákvarðanir um eftirtalin atriði, séu ekki gerðar beinar undantekningar þar á með lögum:

1. staðfestingu ársreiknings
2. fjárhagsáætlun næstkomandi árs
3. fjárhagsáætlun til fjögurra ára
4. viðauka við fjárhagsáætlanir skv. 2. og 3. tl.
5. lán, ábyrgðir eða aðrar fjárhagslegar skuldbindingar sveitarfélagsins
6. sölu eigna sveitarfélagsins og annarra réttinda þess
7. álagningu skatta og gjalda
8. ráðningu eða uppsögn endurskoðanda

Bæjarráði er heimilt að taka fullnaðarákvarðanir í málum sem varða 5. og 6. lið hér að ofan sbr. 2. mgr. 58. gr. sveitarstjórnarlaga, sé ekki um verulega fjárhagslega hagsmuni að ræða og ákvörðun rúmist innan fjárhagsáætlunar til eins og árs, og áætlunar til fjögurra ára.

55. gr.

Afgreiðsla og form fjárhagsáætlunar

Bæjarstjórn skal afgreiða fjárhagsáætlun bæjarsjóðs, fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins fyrir lok desembermánaðar ár hvert vegna næsta rekstrarárs og næstu þriggja ára þar á eftir að undangengnum tveimur umræðum í bæjarstjórn. Bæjarstjóri leggur samkvæmt 1. mgr. 62. gr. sveitarstjórnarlaga tillögu um fjárhagsáætlun fyrir bæjarstjórn eigi síðar en 1. nóvember ár hvert. Að lokinni umræðu bæjarstjórnar skal afgreiða tillöguna, þó ekki síðar en 15. desember ár hvert.

Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. skal bæjarstjórn sækja skriflega um frest til ráðuneytis og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreikninga sveitarfélagsins. Í fjárhagsáætlun skal koma fram rekstrar- og framkvæmdaáætlun, áætlun um efnahag í upphafi og lok árs, auk áætlaðra fjármagnshreyfinga. Fjárhagsáætlanir skulu gefa glögga mynd af rekstri sveitarfélagsins, efnahag og breytingum á handbæru fé. Einnig skal þar koma fram greinargott yfirlit um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjárheimildir sveitarfélagsins. Við gerð fjárhagsáætlana skal hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu bæjarsjóðs og stofnana sveitarfélagsins við upphaf áætlunartímabilsins.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur bæjarstjórn ákvarðanir um nýtingu tekjustofna bæjarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár, ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármuna á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu bæjarsjóðs í byrjun fjárhagsársins.

Bæjarstjórnin skal árlega gæta þess svo sem kostur er að heildarútgjöld sveitarfélagsins, þar með talin rekstrarútgjöld, fari ekki fram úr heildartekjum þess.

Bæjarstjórn skal senda ráðuneytinu fjárhagsáætlun innan fimmtán daga frá afgreiðslu hennar, sbr. 1. mgr. 76. gr. sveitarstjórnarlaga. Sama á við um viðauka við fjárhagsáætlun.

56. gr.

Bindandi áhrif ákvörðunar um fjárhagsáætlun ársins

Ákvörðun sem bæjarstjórn tekur skv. 54. gr. samþykktar þessarar og 62. gr. sveitarstjórnarlaga um fjárhagsáætlun næstkomandi árs er bindandi regla um allar fjárhagslegar ráðstafanir af hálfu sveitarfélagsins. Aðrir geta þó ekki byggt sjálfstæðan rétt til fjárframlaga eða annarrar fyrirgreiðslu sveitarfélags á fjárhagsáætlunum.

Óheimilt er að víkja frá fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. nema bæjarstjórn hafi áður samþykkt viðauka við áætlunina. Á þetta við um hvers kyns ákvarðanir, samninga eða aðrar fjárhagslegar ráðstafanir sem hafa í för með sér breytingar á tekjum, útgjöldum, skuldbindingum eða tilfærslur milli liða í fjárhagsáætlun í þegar samþykkttri áætlun. Viðauki er ekki gildur nema hann feli einnig í sér útfærða ákvörðun um það hvernig þeim útgjöldum eða tekjulækkun sem gert er ráð fyrir verði mætt. Á það einnig við þótt heildarútgjöld eða heildartekjur breytist ekki vegna samþykktar hans.

Þrátt fyrir 2. mgr. má í undantekningartilvikum gera þær ráðstafanir sem skylt er samkvæmt lögum eða öðrum bindandi réttarreglum án þess að bæjarstjórn hafi áður samþykkt viðauka, enda þoli þær ekki bið. Viðhlítandi heimildar bæjarstjórnar skal þá afla svo fljótt sem auðið er. Skal erindi um slíka heimild lagt fyrir þegar á næsta fundi bæjarstjórnarinnar.

57. gr.

Fjármálaireglur og viðmið um afkomu Ísafjarðarbæjar

Bæjarstjórn ber að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum, sbr. 64. gr. sveitarstjórnarlaga og ákvæði reglugerðar nr. 502/2012 um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga.

58. gr.

Ábyrg meðferð fjármuna og heimildir til fjárskuldbindinga

Bæjarstjórn skal gæta ábyrgðar við meðferð fjármuna sveitarfélagsins og varðveita fjármuni með ábyrgum hætti, svo sem á innlánsreikningum fjármálastofnana eða með því að kaupa ríkistryggð verðbréf. Um heimildir til fjárfestinga í hagnaðarskyni fer skv. ákvæðum 65. gr. sveitarstjórnarlaga.

Áður en bæjarstjórn tekur ákvörðun um fjárfestingu, framkvæmd eða aðra skuldbindingu sem nemur hærri fjárhæð en 20% af skatttekjum sveitarfélagsins yfirstandandi reikningsár er skylt að gera sérstakt mat á áhrifum hennar á fjárhag sveitarfélagsins, sbr. ákvæði 66. gr. sveitarstjórnarlaga.

Um heimildir Ísafjarðarbæjar til veðsetninga og að gangast í ábyrgðir fer skv. 68. og 69. gr. sveitarstjórnarlaga.

59. gr.

Ársreikningur

Gera skal ársreikning fyrir bæjarsjóð, stofnanir sveitarfélagsins og fyrirtæki þess. Jafnframt skal gera samstæðureikning fyrir sveitarfélagið, þ.e. bæjarsjóð, stofnanir þess og fyrirtæki með sjálfstætt reikningshald, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga. Ársreikningur skal gerður samkvæmt lögum um ársreikninga, reglum settum samkvæmt þeim lögum og sveitarstjórnarlögum, sem og góðri reikningsskilavenju.

Ársreikningur sveitarfélagsins skal fullgerður og samþykktur af bæjarráði og tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í bæjarstjórn fyrir 15. apríl ár hvert.

Sveitarstjórn skal hafa lokið staðfestingu ársreiknings sveitarfélagsins, stofnana og fyrirtækja þess eigi síðar en 15. maí ár hvert.

Ársreikning Ísafjarðarbæjar, ásamt skýrslu endurskoðanda, skal senda ráðuneyti sveitarstjórnarmála og Hagstofu Íslands ekki síðar en 20. maí ár hvert.

60. gr.

Endurskoðun ársreikninga

Bæjarstjórn ræður löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki sem annast skal endurskoðun ársreikninga hjá sveitarfélaginu. Endurskoðun fer eftir lögum um endurskoðendur, lögum um ársreikninga og alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum, sem og fyrirmælum 72. og 73. gr. sveitarstjórnarlaga.

IX. KAFLI

Samráð við íbúa – Þátttökulýðræði

61. gr.

Almenn atkvæðagreiðsla að frumkvæði íbúa.

Bæjarstjórn er heimilt að leggja þau mál í dóm kjósenda sem hún álitur vera mjög þýðingarmikil fyrir sveitarfélagið, með skoðanakönnun eða atkvæðagreiðslu.

Ef 25% kosningabærra íbúa eða fleiri krefjast atkvæðagreiðslu um ákvörðun bæjarstjórnar ber bæjarstjórn að verða við þeirri kröfu, með þeim takmörkunum sem fram koma í 3. mgr. 108. gr. sveitarstjórnarlaga.

Bæjarstjórn skal ákveða áður en atkvæðagreiðsla fer fram hvort hún skal teljast bindandi.

Um framkvæmd undirskriftasöfnunar, hlutverk bæjarstjórnar og framkvæmd almennrar atkvæðagreiðslu fer skv. 107. gr. og 108. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

62. gr.

Gildistaka

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur sett samkvæmt ákvæðum 9. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 535/2014, ásamt síðari breytingum.

Þannig samþykkt á xx. fundi bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar xx 2020.

f.h. Ísafjarðarbæjar

Birgir Gunnarsson,
bæjarstjóri